

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

282. fundur

Föstudaginn 16. febrúar 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Guðlaug Kristjánsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fjarverandi: Bryndís Haraldsdóttir, Sverrir Óskarsson og Gunnar Valur Gíslason.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri Fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Lífeyrissjóðsuppgjör við Brú lífeyrissjóð
2. Ársfundur (aðalfundur) Strætó 2018
3. Árangursmats stjórnar 2017
4. Reikningshaldsferill
5. Öryggi farþega og starfsfólks Strætó
6. Upplýsingaöryggi
7. Farþegatalningar 2017
8. Ríkissamningur
9. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
10. Tilraunaverkefni – Samstarf Strætó og ALP hf. (Zipcar)
11. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Lífeyrissjóðsuppgjör við Brú lífeyrissjóð

Á fundi stjórnar 2. febrúar sl. var ósk stjórnar Strætó ítrekuð um að fá formlegt svar frá Brú lífeyrissjóði varðandi hvers vegna fyrirliggjandi uppgjör á framlagi Strætó er svo mjög frábrugðið þeirri áætlun sem Brú lífeyrissjóður hafði áður lagt fram varðandi uppgjör Strætó við sjóðinn. Jafnframt var óskað eftir formlegri staðfestingu frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um að skrifstofan hafi ekki athugasemdir við uppgjör á framlagi Strætó til Brúar lífeyrissjóðs.

Fyrir fundinum lá bréf frá Brú lífeyrissjóði, dags. 2. febrúar 2018 þar sem gerð er grein fyrir hvers vegna uppgjörið á framlagi Strætó er annað en fram kom í áætlun sem sjóðurinn hafði áður lagt fram varðandi framlag Strætó.

Fyrir fundinum lá bréf frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkur, dags. 3. febrúar 2018, þar sem staðfest er að ekki séu gerðar athugasemdir við uppgjörið á framlagi Strætó til Brúar lífeyrissjóðs.

2. Ársfundur (aðalfundur) Strætó 2018

Samþykkt að stefna að opnum ársfundi (aðalfundi) Strætó eigi síðar en í apríl 2018, sbr. starfsreglur stjórnar þar um.

Framkvæmdastjóra var falið að undirbúa fundinn.

3. Árangursmat stjórnar 2017

Í starfsreglum stjórnar Strætó er gert ráð fyrir að árlega meti stjórn störf sín, verklag og starfshætti svo og frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Árangursmatið var lagt fyrir stjórn í janúar 2018 í samræmi við framangreint.

Sigríður Harðardóttir, mannauðs- og gæðastjóri Strætó, fór niðurstöður árangursmats stjórnar fyrir starfsárið 2017.

4. Reikningshaldsferill

Fyrir fundinum lá handbók yfir alla helstu fjármálaferla Strætó, þar á meðal er reikningshaldsferillinn. Sviðsstjóri fjármála og reksturs fór yfir handbókina og kynnti reikningshaldsferil Strætó.

5. Öryggi farþega og starfsfólks Strætó

Sigríður Harðardóttir, mannauðs- og gæðastjóri Strætó og Bergný J. Sævarsdóttir, verkefnastjóri, fóru yfir verkefni sem eru í gangi og eiga að stuðla að bættu öryggi starfsfólks og farþega Strætó. Þar á meðal er áhættumat einstakra leiða í leiðakerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu sem unnið var í samstarfi við tryggingarfélag Strætó, VÍS.

Á næstu mánuðum verður myndavélabúnaður í öllum vögnum sem aka á höfuðborgarsvæðinu uppfærður í þeim tilgangi að þær nýtist betur til að tryggja öryggi farþega og starfsfólks Strætó.

Naturaksturinn hefur gengið vel það sem af er ári, ekki hafa komið upp alvarleg atvik. Strætó hefur lagt mikla áherslu í samstarfi við lögreglu að tryggja öryggi farþega og starfsfólks eins og kostur er.

6. Upplýsingaöryggi

Sigríður Harðardóttir, mannauðs- og gæðastjóri og Strætó og Bergný J. Sævarsdóttir, verkefnastjóri, fóru yfir helstu verkferla sem hafa verið gefnir út til að tryggja upplýsingaöryggi hjá Strætó. Farið var sérstaklega yfir verkferla í tengslum við afritun gagna og endurheimt gagna, sem voru gefnir út 2. febrúar 2018, samhliða því að þeir voru prófaðir.

Unnið er að verkefnum í tengslum við innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum sem gert er ráð fyrir að taki gildi á þessu ári.

7. Farþegatalningar 2017

Framkvæmdastjóri fór yfir farþegatalningar 2017. Nýtt talningakerfi er núna komið í um helming alls vagnafloðs sem ekur á höfuðborgarsvæðinu. Miðað við talningar voru um 11,7 milljón ferðir farnar með Strætó 2017 sem er um 4,5% aukning miðað við 2016.

8. Ríkissamningur

Í samningi um eflingu almenningsamninga á höfuðborgarsvæðinu, sem undirritaður var 7. maí 2012, er kveðið á um að samningurinn skuli endurskoðaður á tveggja ára fresti, metin framvinda og árangur verkefnisins.

Næsta formlega framvindumati skal lokið fyrir 1. apríl nk. Samkvæmt samningnum skal sérstakur stýrihópur, skipaður tveimur fulltrúum ríkisins og tveimur fulltrúum sveitarfélaganna, hafa yfirumsjón með framkvæmd og úrvinnslu matsins.

Verkfræðistofan Mannvit hefur verið ráðin til að vinna ástandsskýrslu sem notuð verður í áfangamati stýrihópsins á framkvæmd ríkissamningsins.

9. Akstursþjónusta fatlaðs fólk

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs, fór yfir gang mála í akstursþjónustu undanfarna mánuði.

10. Tilraunaverkefni - samstarf Strætó og ALP hf. (Zipcar)

Á fundi stjórnar 12. desember 2017 var samþykkt að fara í tilraunaverkefni til 6 mánaða með ALP hf (Zipcar) um sölu og markaðsstarf á 6 mánaða nemakortum fyrir 18 ára (StrætóZip) sem gildir í Strætó á höfuðborgarsvæðinu og hafa sölutímabilið janúar 2018.

Árangur af verkefninu er viðunandi og almenn ánægja var meðal viðskiptavina með tilboðið, helsta gagnrýnin sem kom upp var að tilboðið næði ekki til fleiri hópa viðskiptavina.

Áhugi er á áframhaldandi samstarfi og tillögur um fyrirkomulag eða útfærslur eru í vinnslu.

11. Önnur mál

- a) Í tengslum við framkvæmdir við Landsspítalann við Hringbraut verður Gömlu Hringbraut lokað frá og með október 2018. Í ljósi þess þarf að gera breytingar á leiðum Strætó sem keyra Gömlu Hringbraut. Vinna við tillögur að breytingu á þessum leiðum er þegar hafin.

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundir slitið: kl. 13:15

Fylgiskjöl:

- Engin fylgigögn

Heiða Björg Hilmisdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir